

AUGLÝSING

um deiliskipulag Áshamars við Ásland í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag Áshamars við Ásland í Mosfellsbæ.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bæjarstjórnin í Mosfellsbæ, 18. febrúar 1998.

Jóhann Sigurjónsson.

AUGLÝSING

um afnám reglna um lausafjárhlutfall lánastofnana af innlendum skuldbindingum.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur að höfðu samráði við bankaráðið, ákveðið að afnema reglur um lausafjárhlutfall innlánsstofnana af innlendum skuldbindingum, sem settar voru hinn 1. júlí 1997 og birtust sem nr. 419 í Stjórnartíðindum B 56-58 hinn 3. júlí 1997.

Reglurnar eru afnumdar frá og með 1. mars 1998 gildir því engin kvöð um lausafjárhlutfall lánastofnana af innlendum skuldbindingum eftir þann tíma.

Reykjavík, 23. febrúar 1998.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson. Eiríkur Guðnason. Steingrímur Hermannsson.